

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 40/2021

2024/EES/3/40

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1059 frá 27. apríl 2020 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framseldra reglugerða (ESB) nr. 1059/2010, (ESB) nr. 1060/2010, (ESB) nr. 1061/2010, (ESB) nr. 1062/2010, (ESB) nr. 626/2011, (ESB) nr. 392/2012 og (ESB) nr. 874/2012 að því er varðar merkingu tiltekinna orkutengdra vara ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 4c (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012), 4e (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012), 4i (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010), 4j (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010), 4k (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010), 4l (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010) og 4m (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32020 R 1059:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1059 frá 27. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 28).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11c (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012), 11e (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012), 11i (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010), 11j (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010), 11k (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010), 11l (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010) og 11m (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„— **32020 R 1059:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1059 frá 27. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 28).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1059, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 28.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.